

Kópavogsbær

Ársreikningur 2016



Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	1
Áritun óháðs endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur 2016.....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2016.....	6 - 7
Yfirlit um sjóðstreymi 2016.....	8
Skýringar og lykiltölur.....	9 - 23
Yfirlit viðauka.....	24 - 25
Yfirlýsing um stjórnarhætti.....	26

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2016 námu 28.123 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 26.053 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 26.380 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 24.416 m.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 1.190 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 257 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 617 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu að fjárhæð 103 m.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2016 nam 17.228 m.kr. en eigið fé á A hluta nam 15.965 m.kr.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 14.157 m.kr. Fjöldi starfsmanna í árslok var 2.856 en meðal stöðugildi á árinu voru 2.108. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 95 m.kr. á árinu 2016.

Íbúar Kópavogsbærar þann 1. desember 2016 voru 35.234 og fjölgaði þeim um 1.129 frá fyrra ári eða um 3,31%.

Ársreikningur Kópavogsbærar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Kópavogi 19. apríl 2017

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Theoden Sparsteinsdóttir.
Karen E. Hulðorsdóttir
R. H. Þorvaldur

Ársreikningur Kópavogsbærar fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Kópavogi, 9. maí 2017

Sverrir Óskarsson

3. fimm

Gunnar R. Ól.

Theoden Sparsteinsdóttir

Eduard S.
-Asa Richardssdóttir

Karen E. Hulðorsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kópavogsbæjar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla bæjarstjóra og bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sveitarfélagini samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í áritun okkar viljum við benda á skýringu nr. 34 þar sem fjallað er um málarekstur sem erfingjar fyrrum ábúenda Vatnsenda reka gegn Kópavogsbæ. Sjá einnig nánari umfjöllun undir lykilatriði endurskoðunar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á álíti okkar á ársreikninginn í heild sinni. Við látum ekki í ljós sérstakt álit á hverju lykilatriði fyrir sig.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Endurskoðunaraðgerðir

Vatnsendamál

Fyrrum ábúendur Vatnsenda hafa stefnt bænum vegna eignarnáms á landi Vatnsenda árin 1992, 1998, 2000 og 2007.

Stefna þessi er lykilþáttur í endurskoðun okkar þar sem um verulegar fjárhæðir er að tefla fyrir reikningsskil A og B hluta sveitarfélagsins.

Engar fjárhæðir hafa verið færðar í bækur sveitarfélagsins vegna stefnunar þar sem ekki hefur verið dæmt í málinu og sveitarfélagið krefst sýknu.

Sjá nánar skýringu nr. 34.

Endurskoðun okkar á Vatnsendamálinu fólst meðal annars í eftirfarandi:

Við funduðum með lögfræðingi sveitarfélagsins og fórum með honum yfir forsendur málsins.

Við yfirfórum mat stjórnenda að færa ekki upp skuldbindingu vegna málsins og skýra eingöngu frá því.

Við yfirfórum málgögn.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Mat á lifeyrisskuldbindingu

Lifeyrisskuldbinding A og B hluta Kópavogsþærjar er 7.162 milljónir króna í árslok 2016 eða 13,5% af efnahag sveitarfélagsins.

Mat stjórnenda á fjárhæð lifeyrisskuldbindingar er lykilþáttur í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða verulegan lið í reikningskilum A og B hluta sveitarfélagsins.

Lifeyrisskuldbindingin er færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2016. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.

Sjá nánar skýringu nr. 14 um reikningsskilaaðferðir og skýringu nr. 28 um lifeyrisskuldbindingar.

Stjórnendur Kópavogsþærjar fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lifeyrisskuldbindingu í árslok.

Endurskoðun okkar á mati lifeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi:

Við funduðum með tryggingastærðfræðingi og lögðum mat á hæfni og óhæði hans.

Við mynduðum okkur væntingar um stöðu lifeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir, svo sem launaþróun og ávöxtun lifeyrissjóða á árinu.

Við fórum yfir útreikninga stjórnenda og tryggingastærðfræðings og bárum saman við væntingar okkar.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að meta hæfi sveitarfélagsins til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Bæjarstjórn og bæjarstjóra ber að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu sveitafélagsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulegra annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álití okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að veikja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álití. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitafélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum bæjarstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og að við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á árinu 2016 og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða, í algjörum undantekningartilvikum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Reykjavík, 9. maí 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.



Guðmundur Snorrason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

Rekstrartekjur:	Skýr.	A-hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
Skatttekjur		21.119.933	20.266.069	18.597.978	21.048.650	19.832.457	18.529.618
Framlög jöfnunarsjóðs		1.119.874	1.051.341	1.140.898	1.119.874	1.051.341	1.140.898
Aðrar tekjur	3	4.140.128	3.098.847	3.310.311	5.954.198	5.168.944	4.928.164
	17	26.379.935	24.416.257	23.049.187	28.122.722	26.052.742	24.598.679
Rekstrargjöld:							
Laun og launatengd gjöld	18	14.085.148	13.638.723	12.814.829	14.157.301	13.706.840	12.868.270
Breyting lifeyrisskuldbindingar	14,18	1.213.317	390.000	468.625	1.213.317	390.000	468.625
Annar rekstrarkostnaður		7.848.466	7.330.894	7.344.094	8.227.378	7.658.982	7.700.604
		23.146.930	21.359.617	20.627.548	23.597.996	21.755.823	21.037.499
Afskriftir	7,21,22	1.296.631	1.130.776	1.190.875	1.504.618	1.411.142	1.393.812
		1.296.631	1.130.776	1.190.875	1.504.618	1.411.142	1.393.812
Rekstrarniðurstaða án fjárm.tekna og fjárm.gjalda		1.936.373	1.925.864	1.230.763	3.020.108	2.885.777	2.167.368
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	19	(1.319.152)	(1.823.171)	(1.452.581)	(1.830.169)	(2.628.479)	(2.006.762)
Rekstrarniðurstaða	20	617.222	102.693	(221.818)	1.189.939	257.298	160.605

Efnahagsreikningur

EIGNIR

Skýr.	A-hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015

Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteignir	25.279.148	24.090.107	32.742.170	31.413.346
Götur, lönd, veitukerfi og hafnarmannvirki	17.407.828	17.911.163	21.806.191	22.326.437
Vélar, áhöld og tæki	136.595	204.638	139.868	206.521
	<u>6.21.22.23</u>	<u>42.823.570</u>	<u>42.205.909</u>	<u>54.688.229</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutir í félögum	8,24	2.310.196	2.268.696	893.279	903.279
Langtímakröfur	25,26	1.131.933	753.422	1.140.640	753.422
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki		2.654.052	2.256.803		
		6.096.182	5.278.922	2.033.920	1.656.701
Fastafjármunir samtals		<u>48.919.752</u>	<u>47.484.830</u>	<u>56.722.149</u>	<u>55.603.006</u>

Veltufjármunir:

Skammtímakröfur:

Óinnheimtar tekjur	10	3.740.523	1.800.074	3.740.523	1.800.074
Næsta árs afborganir langtimakrafna	25	43.041	77.186	43.041	77.186
Næsta árs afborganir krafna á eigin fyrirtæki		124.359	106.394		
Aðrar skammtímakröfur		606.418	550.438	639.597	583.337
Handbært fé	12	104.507	267.600	147.883	283.019
		<u>4.618.848</u>	<u>2.801.691</u>	<u>4.571.043</u>	<u>2.743.615</u>
Eignir samtals		<u>53.538.600</u>	<u>50.286.522</u>	<u>61.293.192</u>	<u>58.346.620</u>

Eignir utan efnahagsreiknings

13

31. desember 2016

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skýr.	A-hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015

EIGIÐ FÉ

Eiginfjárréikningur.....	27	15.965.386	15.223.159	17.228.168	15.934.608
--------------------------	----	------------	------------	------------	------------

Hlutdeild minnihluta í dótturfélagi.....			65.744	65.744
--	--	--	--------	--------

Skuldbindingar:

Lifeyrisskuldbinding	14,28	7.160.732	5.947.415	7.160.732	5.947.415
		7.160.732	5.947.415	7.160.732	5.947.415

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir	29,30	23.531.452	24.521.880	29.655.741	31.420.836
		23.531.452	24.521.880	29.655.741	31.420.836

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir		1.220.791	134.542	1.220.791	134.542
Næsta árs afborganir langtímaskulda	30	2.001.567	1.790.655	2.203.371	2.054.575
Aðrar skammtímaskuldir		3.658.672	2.668.870	3.758.645	2.788.900
		6.881.031	4.594.068	7.182.807	4.978.018
Skuldir og skuldbindingar samtals		37.573.214	35.063.362	43.999.280	42.346.268
Skuldir og eigið fé samtals		53.538.600	50.286.522	61.293.192	58.346.620

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags 32,33,34

Yfirlit um sjóðstreymi

	A-hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
Rekstrarhreyfingar:						
Hagnaður (tap) ársins	617.222	102.692 (221.818)	1.189.939	257.298	160.605
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárvstreymi:						
Afskriftir fastafjármuna	6,721,22	1.296.632	1.180.776	1.190.875	1.504.618	1.461.142
Verðbætur og gengismunur		363.245	905.388	361.356	495.858	1.308.080
Vextir og verðbætur, eigin fyrirtæki		(151.485) (74.717) (77.788)		525.242
Tap (hagnaður) vegna lóða o.fl.	3	(753.720)	(204.292) (803.108)	(209.720)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	28	1.213.317	390.000	468.625	1.213.317	390.000
		2.585.210	2.504.139	1.516.958	3.600.624	2.338.564
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun		(1.900.451)	50.000 (393.738) (1.900.451)	50.000 (
Aðrar skammtímaskr., (hækkun), lækkun		(73.060) (235.810) (111.996) (73.339) (319.477) (
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.093.132		290.519	2.073.075	
		119.621 (185.810) (215.216)	99.284 (269.477) (
Samtals						219.388)
Handbært fé frá rekstri		2.704.831	2.318.329	1.301.742	3.699.908	3.147.043
						2.119.176
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í varanl rekstrarfjármunum	21,22	(1.787.580) (2.245.000) (989.429) (2.185.327) (2.623.000) (
Yfirköku- og gatnagerðargj og söluv íbúða		751.927	635.000	202.627	845.427	635.000
Seldir rekstrarfjármunir						202.627
Fjárfest í eignarhlutum		(41.500) (106.500) (51.500)	10.000 (55.000)
Langtímaskröfur, breyting		809.681		203.748 (375.689)	
		(267.473) (1.716.500) (634.554) (1.705.589) (2.043.000) (
Fjárfestingarhreyfingar						840.557)
Fjármögnumunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	29			3.774.701		3.774.701
Afborganir langtímal. og uppgreiðslur	29	(1.160.037) (233.076) (4.424.639) (2.129.454) (1.226.385) (
Eigin fyrirtæki, breyting		(1.440.414) (488.753) (928.358)		4.910.221)
Skuldir við lánastofnanir				1.052.819		
		(2.600.451) (721.829) (525.477) (2.129.454) (1.226.385) (
Fjármögnumunarhreyfingar						1.135.520)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(163.093) (120.000)	141.711 (135.136) (122.342)
						143.099
Handbært fé í ársbyrjun			267.600	399.122	125.889	283.019
						419.569
Handbært fé í árslok		104.507	279.122	267.600	147.883	297.228
						283.019

Skýringar

Upplýsingar um sveitarfélagið

- Kópavogsbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 35.234 þann 1.desember 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesvegi 1, Kópavogi.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórmsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

Grundvöllur reikningsskilanna

- Ársreikningur Kópavogsbærar fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórmáldaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnum með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Byggingarsjóð M.K. og Þjónustumjóðstöð. Til B hluta teljast stofnanir sem að stofni til eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Stofnanir sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Húsneðisnefnd Kópavogs og Tónlistarhús Kópavogs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórmarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatríðum á sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru feld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru feldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vörum og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti milli langtímalána Aðalsjóðs og annarra rekstrareininga.

Reikningsskilalaðferðir

Innlausn tekna

- Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jófmunarsjóði sveitarfélaga, auk annara tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem löðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vörum eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og færst til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi. Mismunur á úthlutuðum byggingarrétti og kostnaði við uppköp lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færst með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Álögð gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna, sbr. skýr.4.

Færsla gjalda

- Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2016. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvisítölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársþryjun 2017. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Fjárfestingar vegna gatnagerðarframkvæmda eru eignsærðar að frádegnum álögðum gatnagerðargjöldum.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar í gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyridiggjandi leigusamningum sé það lægta. Þessar lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurnat lóða og lendna er fært á eiginfjárréikning.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur álegur hundraðshlutu miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 100 ár
Veitukerfi og hafnarmannsvirkni.....	33 - 40 ár
Gatnakerfi.....	33 ár
Vélar, áhöld og taki.....	5 - 12 ár

Eignarhlutir í öðrum félögum

8. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrtækjum eru færðar á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðkomandi málaflokks.

Eignfætt er á árinu 2016 framlag til Tólistarhúss Kópavogs 52 millj.kr.

Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsréikning meðal veltufjármuna.

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

10. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir krófueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsréikningi.

Ófrágengnar íbúðir

11. Í árslok 2016 átti Húsnæðisnefnd Kópavogs eina ófrágengna íbúð.

Handbært fé

12. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjárt.

Eignir utan efnahagsréiknings

13. Fjárfesting sem átti sér stað fyrr ársþyrjun 2002 í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum er ekki færð til eignar í efnahagsréikningi.

Lífeyrisskuldbinding

14. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyriscréttunda starfsmanna bæjarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2016. Breying á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarrekningi samanber skýringu 28.

Langtímaskuldir

15. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagstreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Fjárhagsáætlun

16. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er birt sem samanburðarfjárhæð í rekstrarrekningi, yfirdit um sjóðstreymi og skýringum. Samþykktir voru þári viðaukar á árinu 2016 og er yfirlit rekstraráætlana sýnt sem skýringar 40 og 41.

Rekstrartekjur

17. Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2016	A hluti		A og B hluti	
		Áætlun 2016	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Áætlun 2016
Skatttekjur:					
Útsvar	18.193.989	17.381.299	18.193.989	17.381.299	
Fasteignaskattur	2.554.753	2.478.774	2.483.470	2.026.762	
Lóðarleiga	371.191	405.996	371.191	424.396	
Skatttekjur samtals	21.119.933	20.266.069	21.048.650	19.832.457	
Aðrar tekjur:					
Jöfnunarsjóður:					
Framlag vegna grunnskóla	319.349	297.594	319.349	297.594	
Framlag vegna sérfarfa fatlaðra.....	101.108	107.900	101.108	107.900	
Framlag vegna nýbúafreðslu.....	30.421	28.990	30.421	28.990	
Framlag vegna tónlistaskóla.....	35.892	36.340	35.892	36.340	
Önnur framlög.....	633.104	580.518	633.104	580.518	
	1.119.874	1.051.341	1.119.874	1.051.341	
Skatttekjur og jöfnunarsjóður samtals	22.239.807	21.317.410	22.168.524	20.883.798	
Þjónustutekjur o.fl.....	3.386.409	3.098.847	5.151.090	5.168.944	
Tækjufærsla vegna lóðaúthlutana o.fl.....	753.720	0	803.108	0	
Aðrar tekjur samtals	4.140.128	3.098.847	5.954.198	5.168.944	
Rekstrartekjur samtals	26.379.935	24.416.257	28.122.722	26.052.742	

Laun og launatengd gjöld

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti		
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016
Laun	11.081.649	10.752.200	11.140.144	10.807.568
Launatengd gjöld	2.893.648	2.804.428	2.906.982	2.816.987
Annar starfsmannakostnaður.....	109.851	82.095	110.176	82.285
Laun og launatengd gjöld án br. á líf.skuldb.....	14.085.148	13.638.723	14.157.301	13.706.840
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	1.213.317	390.000	1.213.317	390.000
Laun og launatengd gjöld samtals	15.298.465	14.028.723	15.370.619	14.096.840

Á árinu 2016 stórfuðu 2.856 manns hjá þeim um í 2.108 stöðugildum.

Á meðal launa er galdfærð samningsbundin eingreiðsla til kennara sem kemur til greiðslu þann 1. jan 2017, kr. 86,8 milljónir.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 95 millj. kr. á árinu 2016.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

19. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti		
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016
Vaxtatekjur.....	(114.292)	(1.127.120)	(115.105)	(47.600)
Vaxtagjöld	1.264.654	1.183.121	1.478.458	1.498.143
Vextir á eigin fyrirtæki.....	(101.953)	1.023.378	0	(0)
Verðbótagjöld / (tekjur).....	355.522	758.791	551.595	1.192.937
Gengistap / (hagnaður).....	(46.879)	0	(46.879)	0
Hagnaður af eignachlutum.....	(37.900)	(15.000)	(37.900)	(15.000)
	1.319.152	1.823.171	1.830.169	2.628.479

20. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja greinist þannig:

Aðalsjóður:	Ársreikningur		Áætlun	
	2016		2016	
	Niðurstaða			
	Gjöld	Tekjur	(nettó)	Nettó
Skatttekjur	42.276	22.807.810	22.765.534	21.864.461
Félagsþjónusta.....	3.661.380	934.606	(2.726.774)	(2.769.560)
Heilbrigðismál.....	1.764	0	(1.764)	(1.764)
Fræðslu- og uppeldismál.....	14.316.182	1.199.493	(13.116.689)	(12.365.571)
Menningarmál.....	636.321	124.932	(511.389)	(473.541)
Æskulýðs- og Íþróttamál.....	4.356.551	1.787.273	(2.569.278)	(2.643.047)
Brunamál og almannavamir.....	237.638	0	(237.638)	(219.027)
Hreinlætismál.....	363.744	323.216	(40.528)	(27.051)
Skipulags- og byggingarmál.....	430.513	310.614	(119.899)	(168.916)
Umferðar- og samgöngumál.....	832.541	352	(832.189)	(790.973)
Umhverfismál.....	318.382	1.195	(317.187)	(322.949)
Atvinnumál.....	50.156	28.600	(21.556)	(67.770)
Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	35.000	0	(35.000)	0
Sameiginlegur kostnaður.....	1.735.709	520.839	(1.214.870)	(1.062.054)
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	1.213.317	0	(1.213.317)	(390.000)
Fjármagnsliðir (nettó).....	(397.056)	0	397.056	574.992
Aðalsjóður samtals	27.834.418	28.038.932	204.514	1.137.230
A hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	4.003.894	4.392.969	389.075	(979.487)
Byggingarsjóður M.K.....	20.459	24.567	4.108	0
Þjónustumiðstöð.....	462.594	482.120	19.526	(55.051)
Innni færslur A- hluti.....	(6.560.442)	(6.560.442)	0	0
	(2.073.495)	(1.660.787)	412.708	(1.034.538)
A hluti samtals	25.760.923	26.378.145	617.222	102.692
	Ársreikningur		Áætlun	
	2016		2016	
	Niðurstaða			
	Gjöld	Tekjur	(nettó)	Nettó
B hluta fyrirtæki:				
Fráveita Kópavogs.....	501.196	1.031.408	530.212	426.294
Vatnsveita Kópavogs.....	483.829	625.821	141.992	96.197
Hafnarfjörður Kópavogs.....	55.778	60.957	5.179	(41.938)
Húsnaðisnefnd Kópavogs.....	571.241	515.010	(56.231)	(274.530)
Tónlistarhús Kópavogs.....	76.182	27.747	(48.435)	(51.418)
Innni færslur A og B hluta.....	(567.544)	(567.544)	0	0
A og B hluti samtals	26.881.605	28.071.544	1.189.939	257.298

Varanlegir rekstrarfjármunir

A hluti

21. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	34.483.134	20.168.428	374.894	55.026.456
Áður afskrifað.....	(10.393.026)	(2.257.265)	(170.256)	(12.820.548)
Bókfært verð 1.1.2016.....	24.090.107	17.911.163	204.638	42.205.909
Viðbætur á árinu.....	1.878.785	(141.135)	51.724	1.789.373
Afskrifað á árinu	(689.744)	(487.119)	(119.768)	(1.296.631)
